

Þór Guðjónsson

**FRÁ STARFSEMI
LAXELDISSTÖÐVAR RÍKISINS Í KOLLAFIRÐI**

**UPPRUNI LAXASTOFNSINS Í STÖÐINNI,
SEIÐASÖLUR, HAFBEIT OG SEIÐAFRAMLEIÐSLA**

VMST-R/89022



1989

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

Inngangur

Ríkisstjórnin samþykkti 1961 að reisa skyldi tilraunastöð fyrir klak og eldi laxfiska. Næstu tvo áratuginna þar á undan höfðu verið gerðar nokkrar tilraunir með laxfiskaeldi, fyrst af tveimur bændum norður í Kelduhverfi á árunum 1941 til 1946, í Borgarfirði 1944 og í Árnessýslu 1946. Vorið 1950 lagði höfundur fram áætlun um stóra klak- og eldisstöð við Elliðaárnar, sem ætlað var að yrði í sameign Rafmagnsveitu Reykjavíkur, ríkisins og Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Land fékkst þó ekki undir stöðina við árnar og komst hún því ekki í framkvæmd. Fiskeldi var hafið að Laxalóni við Reykjavík 1951 með aðal áherslu á regnbogasilung og við Elliðaárnar 1952 með laxeldi í lítilli stöð, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur kom upp. Tveir eða þrír aðilar aðrir hófu eldi laxfiska á sjötta áratugnum. Mest var þetta í smáum stíl. Ráðist var jafnan í þessar tilraunir með litlum undirbúningi. Þegar hér var komið sögu var lítil þekking og reynsla á laxfiskaeldi fyrir hendi í landinu. Var því ljóst að mikil þörf var á að hefja tilraunastarfsemi á því sviði og þróa upp slíkt eldi við íslenskar aðstæður.

Tilgangurinn með að koma upp tilraunaeldisstöð af umræddu tagi var aðallega tvíþættur. Annars vegar var að ala seiði laxfiska til að nota til fiskræktar, þ.e. til að sleppa í ár og vötn til að auka veiði, og til matfiskeldis, og hins vegar til að gera tilraunir og rannsóknir á klaki og eldi laxfiska, m.a. með að sleppa gönguseiðum í sjó og kanna endurheimtu þeirra sem kynproska laxa úr sjó, þ.e. hafbeit.

Tilraunastöð í fiskeldi var valinn staður í Kollafirði á Kjalarnesi, Kjósarsýslu. Var jörðin keypt sumarið 1961 í þeim tilgangi. Hefur hún ýmsa kosti til að bera fyrir slíka starfsemi svo sem lindarvatn, árvatn, jarðhita og aðstöðu við botn Kollafjarðar fyrir nauðsynlegan útbúnað til að sleppa laxaseiðum í sjó og heimta lax af hafi (hafbeit). Auk þess er jörðin staðsett í nánd við aðal umferðamiðstöðvar landsins.

Hafist var handa við að reisa tilraunastöðina í septemberbyrjun 1961 fyrir lánsfé. Unnið var í fyrstu við vatnsveitur og að koma upp klakútbúnaði í gamalli heyhlöðu. Hófst laxaklak

þar um haustið. Næstu ár voru smíðaóðir eldiskassar, grafnar út útitjarnir, þær stærstu klæddar með sniddu, gerðir að- og frárennslisskurðir, fjárhúsi breytt í eldishús með tólf steinsteyptum þróm og gengið frá tjörnum við sjávarkambinn í Kollafirði með sleppi- og móttökubúnaði fyrir lax. Allt var þetta gert á ódýrasta hátt miðað við að starfsemin færi fram að miklu leyti undir beru lofti eins og slíkt fiskeldi í nágrannalöndunum var oftast rekið um þær mundir.

Á fyrstu árunum í rekstri stöðvarinnar var um að ræða algjöra tilraunastarfsemi. Starfsmenn þurftu að kynna notagildi útbúnaðarins og prófa sig áfram þar til hagkvæmustu not fengjust. Þetta tók að sjálfsögðu tíma. Ör starfsmanna-skipti voru ekki til að flýta fyrir þróuninni. Á fyrstu tíu árum starfsemi stöðvarinnar voru fimm stöðvarstjórar. Tveir þeirra dóu í starfi á þessu tímabili. Veðurfarið í Kollafirði reyndist mjög erfitt fyrir fiskeldi undir beru lofti. Vatnsrennsli var ofanjarðar. Af því leiddi tíðar hitasveiflur, óhreinindi í vatni í úrkomum og krapamyndanir í snjókomu og skafrenningi, sem olli rennslistruflunum. Mikið starf fór í að lagfæra galla, sem fram komu við rekstur stöðvarinnar. Var það gert eftir því sem þörf var á og fé fékkst til. Fljótlega kom í ljós að flytja þurfti mikinn hluta eldisins undir þak, auka nýtingu jarðhitans við upphitun á eldisvatni og leiða vatn í pípum að stöðinni í stað þess að það rynni ofan jarðar. Þessu var kippt í liðinn á fyrstu tíu árum í starfsemi stöðvarinnar og reyndar mörgu fleiru, sem þörf var á að lagfæra. M.a. þurfti að vinna upp tækni við upphitun á lindarvatni fyrir eldisfisk með heitu borholuvatni, sem var nýtt hér á landi. Um beina blöndun við lindarvatn var ekki að ræða vegna brennisteinsinnihalds í borholuvatninu.

Síðla árs 1984 varð vart við nýrnaveiki í laxaseiðum, sem seld höfðu verið frá Kollafjarðarstöðinni til annarrar eldisstöðvar. Voru seiðasölur frá Kollafjarðarstöðinni bannaðar 1985, og 1986 var seiðum ekki sleppt í hafbeit. Á árum 1986 og 1987 var eldisbúnaði í stöðinni breytt og eldisrými aukið og

fleira var fært til betri vegar eftir kröfum tímans. Þá var einnig byggt 400 m² eldihús til kynbótatilrauna á haf-beitarlaxi.

Uppruni laxastofnsins

Á árunum 1961 til 1965 var aflaó laxahrogna til stöðvarinnar víðsvegar að af landinu. Á þessum árum var erfitt að fá keypt laxahrogn. Fáein klakhús voru þá starfandi. Þau fengu hrogn úr laxi úr ám í nágrenni við klakhúsin. Hrognaöflunin til þeirra gat verið stopul. Helst var á vísan að róa með útvegum laxahrogna hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem rak klakhús við Elliðaárnar. Í nokkrum tilvikum voru bændur fengnir til að draga á fyrir lax í heimaám sínum til hrognaöflunar. Voru þeim lögð til veiðarfæri og laxakistur til að geyma laxinn í þar til að hann var tilbúinn til kreistingar. Ánum var síðar bætt upp hrogntakan með því að sleppa í þær sumaröldum seiðum eða gönguseiðum.

Á áður nefndum árum fengust alls 5,3 miljónir laxahrogna til stöðvarinnar. Úr nágrenni Reykjavíkur komu rúmlega helmingur hrognanna, þ.e. 51,9% úr Elliðaánum, 2,2% úr Leirvogsa og 2,0% úr laxi, sem gengið hafði í Kollafjarðarstöðina 1964 og 1965. 12,8% voru upprunnin úr tveimur ám á Vesturlandi, 21,0% úr fjórum ám á Norðurlandi og 9,7% úr ám í Árnessýslu, sjá Töflu 1. Á árinu 1969 var tæplega helmingur hrogna í stöðinni fenginn að eða tæp 300.000. Hrognin voru úr Sæmundará, Laxá í Aðaldal og úr ám í Árnessýslu. Tvisvar síðar fengust smáslattar af laxahrognum, í annað skiptið úr Laxá í Aðaldal og í hinu tilvikinu úr Fossá í Árnessýslu. Að öðru leyti voru notuð hrogn til klaks úr laxi, sem gekk inn í Kollafjarðarstöðina. Laxastofninn í stöðinni er þannig blanda af mörgum laxastofnum úr ám víðsvegar að af landinu. Erfitt mun að áætla framlag laxastofna úr einstökum ám til Kollafjarðarstofnsins þar sem dauði í hrognum og seiðum á fyrstu árunum var mjög mismikill. Auk þess má ætla að náttúran hafið valið úr upprunalegu stofnunum það, sem hæfast hefur reynst til að lifa af við lífsskilyrðin í hinu nýja umhverfi.

Seiðasölur

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld var álitioð að mikil framför væri að því að nota seiði til fiskræktar, sem hefðu verið alin lengri eða skemmri tíma áður en þeim væri sleppt, í stað kviðpokaseiða eins og gert var þá hér á landi. Besta árangurs væri að vænta af að sleppa gönguseiðum. Þegar Kollafjarðarstöðin tók til starfa var kviðpokaseiðum og að hluta til sumaröldum seiðum sleppt í árnar. Sumaralin seiði höfðu oftast verið í eldi í 3 til 4 mánuðu eða frá því í maí eða júní og fram í ágúst eða september, en þá var þeim sleppt í árnar. Gátu slík seiði verið 4 til 5 cm að lengd og álíka stór og árs gömul seiði, sem alist höfðu upp í ánum. Eftir 1970 var farið að ylja upp klakvatn á laxahrognum í stöðinni. Var það mikil framför fyrir fiskræktina. Styttist klaktíminn um nálægt 3 mánuði og var því kleift að hefja eldi fyrr sem því svaraði. Laxaseiðin náðu 4 til 5 cm lengd í júní og var þeim þá sleppt í árnar í stað þess að sleppa í ágúst eða september, en við það ávannst það að seiðin fengu sumarið í ánni og styttist vera þeirra þar þannig um eitt ár.

Á fyrstu starfsárum stöðvarinnar voru mikil afföll á seiðum meðan starfsmenn voru að reyna sig áfram með útbúnað stöðvarinnar og kynnst áhrifum veðurfarsins á reksturinn. Með vaxandi reynslu dró úr afföllum einkum eftir að eldi minni seiðanna var að fullu flutt undir þak 1967 og jöfn og stöðug not fengust sama ár af heitu vatni úr borholu til að ylja eldisvatnið. Mikil framför varð 1965 við tilkomu erlends þurrfóðurs. Fyrstu árin tók það tvö eða þrjú ár að ná seiðum upp í göngustærð. Síðar varð algengara að það tæki eitt eða tvö ár og enn síðar að mestur hluti næðist upp í göngustærð á einu ári.

Seiðum úr stöðinni hefur verið ráðstafað ýmist til fiskræktar í ám landsins, til fiskeldisstöðva eða í hafbeit, sjá skrár yfir seiðasölur á árunum 1964 til 1986 á bls..10 til 45. Áhersla hefur alla tíð verið lögð á að vera til taks til að þjóna fiskrækt og fiskeldi innanlands eftir því sem við hefur verið komið á hverjum tíma. Hefur það náð til urriða og bleikju auk laxins. Laxaseiði voru seld ýmist í formi kviðpokaseiða (pokaseiða), smáseiða, sumaralinna seiða, seiða af millistærðum

(oftast 7-10 cm að lengd) og gönguseiða. Eftirspurnin eftir seiðum á ólíkum þroskastigum var breytileg frá ári til árs. Sala á kviðpokaseiðum var aðallega 1974, 1975 og 1978 og seinni árin á smáseiðum, sem voru í eldi í 1-3 vikur. Af seiðum 10 cm eða minni var mest selt af sumaröldum seiðum, sem eru jafnan 4 til 5 cm að lengd, eins og áður var greint frá. Sala á gönguseiðum var mikilvægur þáttur í seiðasölu stövarinnar flest árin frá 1967 til 1984.

Reynt var að áætla seiðasölur fyrirfram, en það reyndist stundum erfitt, því að verulegur hluti pantana bárust oftast skömmu áður en afgreiðsla átti að fara fram. Pantanir til innlendra aðila voru látnar ganga fyrir pöntunum erlendis frá. Í nokkrum tilvikum voru þó hrogn og seiði seld til útlanda. Sala sumaralinnna seiða var frá 11.600 1982 upp í 148.920 1981, en oftast var árleg sala milli 40.000 og 80.000 eða 10 sinnum og í sex skipti fór hún yfir 100.000. Gönguseiðasalan sveiflaðist úr 24.120 1969 upp í 128.220 1973. Oftast var salan milli 40.000 og 90.000. Þegar sala á sumaröldum seiðum var mikil gat hún orðið til þess að framleiðsla gönguseiða árið eftir varð minni en áætlað var. Sala gönguseiða gat haft áhrif á seiðafjöldann, sem sleppt var í hafbeit í Kollafirði því að gönguseiðum, sem ekki seldust, var sleppt í hafbeit.

Með árunum fjölgaði fiskeldistöðvum. Seldu þær í vaxandi mæli seiði til fiskræktar. Áætlað var að t.d. 1974 hafi um helmingur gönguseiða, sem sleppt var í íslenskar ár, verið úr Kollafjarðarstöðinni. Á næstu árum minnkaði hlutfall stöðvarinnar í heildarseiðasölnunni. Samkvæmt úttekt á seiðasölu á landinu 1979 var sleppt 2,8 miljónum kviðpokaseiði af laxi, þar af 955.000 í Lárvatn á Snæfellsnesi. Það ár var sleppt 480.000 sumaröldum laxaseiðum og 212.000 gönguseiðum. Kollafjarðarstöðin seldi á því ári 71.000 sumaralín og millistærð af seiðum og rúmlega 63.000 gönguseiði til fiskræktar, og 40.000 gönguseiðum var sleppt í hafbeit í Kollafirði.

Ef meta á árangur af seiðasleppingum í ár landsins verður m.a. að hafa í huga að það er mikið vandaverk að sleppa seiðum ef góður árangur á að nást. Það þarf að velja réttan tíma til að sleppa, þekkja ákjósanlegustu staðina í ánum fyrir seiði af

mismunandi stærðum, dreifa seiðum hæfilega miðað við stærð þeirra og þroska og sjá um að vel fari um seiðin í flutningi á sleppistaði. Vitað er að oft á tíðum hefur ýmislegt verið ábótavant við seiðasleppingar þrátt fyrir veittar leiðbeiningar þar um, bæði munnlegar og skriflegar. Kaupendur hafa séð um að sleppa seiðum í árnar eða aðrir, sem þeir hafa fengið fyrir sig til þeirra hluta, en sjaldnast hafa þær verið framkvæmdar af fagmönnum.

Hafbeit í Kollafirði

Árið 1963 var fyrstu gönguseiðunum, 300 að tölu, sleppt í Kollafirði til sjógöngu. Árið eftir var sleppt 1000 gönguseiðum og næstu fjögur ár frá 11.300 til 16.000 hverju sinni. Vorið 1969 komst tala slepptra seiða upp í 125.700 og í 95.000 1970. Á árunum 1971 til 1984 voru gönguseiðasleppingar oftast frá 40.000 og upp í 70.000. Á árunum 1985 til 1989 jukust þær verulega að undanskildu 1986, en þá var engu sleppt, svo sem fyrir segir, eða frá 180.000 1985 upp í 300.000 1989, sjá Töflu 2.

Endurheimtur frá einstökum sleppingum voru mjög mismiklar allt frá 0,5% 1971 til 14% 1973. Telja verður að endurheimtu-prósentur í Töflu 2 séu of lágar. Vitað var hve mörgum seiðum var sleppt á hverju ári til sjógöngu innan tjarna stöðvarinnar, en seiðin gengu ekki öll út úr tjörnum í sjó. Ekki var vitað hve mörg seiði voru eftir hverju sinni, enda var ekki komið tölu á þau.

Á fyrstu árunum var hluti seiðanna alinn upp í göngustærð við rafljós þegar ekki var bjart. Uxu þau hraðar við slíkar aðstæður. Niðurstöður af merkingum og tilraunum í stöðinni sýndu að seiði, sem höfðu verið alin við rafljós allan veturinn áður en þeim var sleppt, skiluðu sér mjög illa úr sjó sem kynþroska laxar. Í ljós kom að þau aðlöguðu sig ekki veru í sjó nema í mjög litlum mæli. Vorið 1969 var 125.700 gönguseiðum sleppt í stöðinni eins og áður sagði. Um 88.000 þeirra voru eins ár seiði af göngustærð, sem höfðu verið alin við rafljós allan veturinn fyrir sleppingu. Sé gert ráð fyrir að sama hlutfall hafi skilað sér af ómerktum seiðum og af merktum eins árs gönguseiðum frá sama ári eða 0,12%, þá hefðu um 100 laxar

komið út úr 88.000 seiðasleppingunni. Af hinum hlutanum eða af 37.700 gönguseiðum ættu þannig að hafa skilað sér tæplega 4.100 laxar úr sjó eða um 10,9%. Vorið 1970 var sleppt 95.000 gönguseiðum. Endurheimta á laxi úr sjó 1971 var sú lélegasta, sem fengist hefur í stöðinni hvað hundraðshluta snertir. Skýringar á lítilli endurheimtu það ár er frekast að leita til þess hve stór hluti seiðanna, sem sleppt var 1970, var eins árs seiði, sem alin voru við rafljóðs veturinn fyrir sleppingu.

Seiðaframleiðsla

Laxaseiðasalan í Kollafirði hefur aðallega verið með tvennum hætti, annars vegar seiði 10 cm eða minni og þá mestmegnis sumaralin seiði, 4 til 5 cm að lengd, og hins vegar gönguseiði, 10 til 15 cm að lengd. Þau eru jafnan 10 til 40 g að þyngd. Minni seiðin hafa verið notuð til fiskræktar í ám og til framhaldseldis í eldisstöðvum, og gönguseiðin til fiskræktar, í hafbeit og í matfiskeldi nú síðari ár. Í Töflu 3 er seiðum skipt eftir stærðarflokkum. Að vísu er skiptingin ekki nákvæm öll árin þar sem seiðum af mismunandi stærðum, 10 cm eða minni, eru sum árin talin með sumaröldum seiðum. Á árunum 1964 til 1984 var meðal árleg sala á sumaröldum seiðum 71.022. Á árunum 1967 til 1984 voru seld að meðaltali 65.505 gönguseiði og sleppt í Kollafirði að meðaltali 39.548 gönguseiðum á tímabilinu 1963 til 1984. Þegar teknar eru með gönguseiðasleppingar til 1989 er árlega meðaltalið 68.617. Meðal árleg framleiðsla stöðvarinnar á gönguseiðum á árunum 1963 til 1984 var 93.072, en þegar talin er með framleiðslan til 1989 er hún 113.907 gönguseiði.

Lokaorð

Við samantekt þessa er stuðst við skýrslur stöðvarinnar, greinar um hana og um tilraunir, sem framkvæmdar hafa verið í stöðinni, svo og við reyngslu höfundur. Skrá yfir rit varðandi umrætt efni er að finna í ritinu Hafbeit, Ráðstefna í Reykjavík, Seinna bindi, 1988, bls. 326 til 329. Skal vísað til rita í nefndri skrá um frekari upplýsingar um starfsemi Kollafjarðarstöðvarinnar.

Tafla 1

HROGNAÖFLUN 1961 - 1965

Í ÞÚSUNDUM

<u>Ár</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>	<u>1961-1965</u>	<u>%</u>
Ellíðaár	628,3	174,8	543,8	711,4	718,9	2,777,2	51,9
Leirvogsa	17,9	53,3	46,9			118,1	2,2
Kollafjörður				12,2	97,5	109,7	2,1
Laxá í Leir.			51,1	48,3	67,5	166,9	3,1
Laxá í Dölum		219,0	66,3	54,6	179,7	519,6	9,7
Miðfjarðará		249,6	137,6	116,6	16,8	502,6	9,7
Víðidalsá			162,0	156,9	77,1	396,0	7,4
Laxá í Aðald.		110,1	98,0			208,1	3,9
Stóra Laxá	122,9			96,3	101,3	229,5	4,3
Litla Laxá				100,5	51,8	153,3	2,9
Hvítá, Iða				44,0		44,0	0,8
Fossá-Dalsá					9,8	9,8	0,2
Höskuldsl.	33,4			36,0		69,4	1,3
Sog	25,0					25,0	0,5
	827,5	806,8	1105,7	1376,8	1320,4	5346,2	100,0

LAXASEIÐASÖLUR 1964

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	
Hafnará	2000	
Grafarós	4000	
Stóra-Langadalsá	10000	
Skrauma	2000	
Laxá á Skógarströnd	3000	
Laxá í Dölum	5300	
Vatnsdalsá	10000	
Selá í Isafj.sýslu	3000	
Miðfjarðará	5000	
Blanda-Svartá	7000	
Fnjóská	4000	
Norófjarðará	3000	
Eystri-Rangá	1000	
	<u>59300</u>	
<u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Keldur	15000	
Elldáaárstöðin	12000	
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Kaldbaksvík	6000	
Hafbeit í Kollafirði (gönguseiði)		<u>1000</u>
	Alls	<u>92300</u> <u>1000</u>

LAXASEIDASÖLUR 1965

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	
Vífilsstaðavatn	6000	
Leirvogsa	11200	
Laxá í Leirársveit	9560	
Grafarós	3000	
Laxá í Dölum	4200	
Vattardalsá	1000	
Vatnsdalsá	12000	
Sandá í Dýrafirði	2500	
Langá í Dýrafirði	1000	
Laugardalsá	1500	
Hvannadalsá	3000	
Miðfjarðará	10000	
Þverá í Miðfj.á	400	
Víðidalsá	13000	
Blanda-Svartá	8000	
Hörgá	3000	
Fnjóská	3000	
Norðfjarðará	3000	
Jökulsá í Lóni	500	
Vatnsfall í Örafum	1000	
Ármannskvísl, V-Skaft.,	1500	
Hafbeit í Kollafirði (gönguseiði)		<u>12250</u>
Alls	<u>98360</u>	12250

LAXASEIDASÖLUR 1966

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	
Brynjudalsá		1500
Laxá í Leirársveit		3000
Flókadalsá		1000
Miðá		3000
Laxá í Dölum		14400
Vattardalsá		1000
Laugardalsá		1500
Selá í Ísafj.sýslu		3000
Staðará		1000
Miðfjarðará		10000
Víðidalsá		10000
Fnjóská		10000
Selá í Vopnafirði		2000
Hafbeit í Kollafirði (gönguseiði)		<u>11500</u>
	Alls	61400
		<u>11500</u>

LAXASEIÐASÖLUR 1967

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		650
Dælisá í Kjós.		800
Laxa í Leirársveit		2000
Haffjarðará (Kaldá)		200
Bakká Gríshólsá	1300	
Dunká	3000	
Skrauma	2000	
Miðá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Búðardalsá		250
Sandá í Dýrafirði		500
Víðidalsá	1300	
Blanda Svartá	10400	
Miðfjarðará		2500
Víðidalsá		2570
Hofsá		800
Hörgá		3250
Laxá í Aðaldal		4100
Klapparós, Axarfirði		410
Vesturá í Vopnaf.		1000
Norðfjarðará		1200
Breiðdalsá		1000
Affall Þjórsá		100
Hvítá hjá Iðu		1300
Stóra-Laxá		1000
Litla-Laxá		500
Brúará (Andalækur)		550
Höskuldslækur		600
Sog		1000
Færeyjar		500
	<hr/>	<hr/>
	18000	28280

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
	18000	28280
<u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Keldur	20000	
Eldisst. Sauðárkr.	4000	
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Lárós	5200	
Hafbeit í Kollafirði		<u>11300</u>
Seiðasöluur alls	<u>47200</u>	39580

LAXASEIÐASÖLUR 1968

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Elliðaár		18000
Laxá í Kjós		1000
Laxá í Leirársveit		1000
Draghálsá		200
Norðurá		2250
Gljúfurá		1000
Langá	5000	
Sleggjubeinsá, Snæf.		1900
Höróudalsá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Kjallaksstaðaá	1200	
Búðardalsá		200
Hvolsá-Staðarhólsá		600
Skálmardalsá		900
Vattardalsá	500	
Vatnsdalsá		400
N. Botnsá		800
Ósá í Bolungarvík		950
Tjarnir, Ísaf. V/Flugvöll		200
Langadalsá		1500
Staðará	2000	
Miðfjarðará		2000
Sæmundará		1100
Hörgsá		5000
Klapparós, Axarfirði		480
Hölkna		500
Hafralónsá		1000
Vesturá í Vopnafirði		1000
Hofsá í Vopnafirði		1000
Norðfjarðará		1000
Breiðdalsá		2000
Geithellnaá		200
Skógá		1000
Affall		300
Færeysjar	2000	
Alls	10700	48980

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
	10700	48980
<u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Keldur	30000	
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Kaldbaksvík		790
	<hr/>	<hr/>
Seiðasölur alls	40700	49770
Hafbeit í Kollafirði		<hr/>
		16000
		<hr/>
		65770

LAXASEIDASÖLUR 1969

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Botnsá		250
Grímsá		500
Gljúfurá		1000
Hítará		10000
Sleggjubeinsá, Snæf.		3000
Bakkaá-Gríshólsá	1500	
Svelgsá	2500	
Höróudalsá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Hvolsá-Staðarhólsá		900
Skálmardalsá		400
Vatnsdalsá		1500
Staðará og Vatnsdalsá		600
Ólafsfjarðará		500
Hörgá		2000
Hafralónsá		1000
Hofsá í Vopnafirði		1000
	<hr/>	<hr/>
	4000	24150
 <u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Eldisst. Teigi	46000	
Eldi Jón. Kristj. Ak.	5800	
Eldisst. á Sauðárkr.	10000	
	<hr/>	<hr/>
Seiðasölur alls	65800	24150
 Hafbeit í Kollafirði		
		<hr/>
		125700
		<hr/>
		149850

LAXASEIÐASÖLUR 1970

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Grímsá		500
Hítará		30000
Bakkaá Gríshólsá	1200	
Haukadalsá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Þorskafjarðará	5000	
Múlaá		500
Skálmardalsá		600
Vatnsdalsá		1000
Hagavaðall (Móra)	1000	
Suðurfossaá		600
Staðará og Vatnsdalsá		1000
Sæmundará		500
Hörgá		1000
Fnjóská		1000
Hofsá í Vopnafirði		500
Hofsá í Álftafirði		500
Smyrlakjargará		200
Eystri-Rangá		5000
Ytri-Rangá		5000
	<hr/>	<hr/>
	7200	49400
<u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Keldur	50000	
Eldisst. á Sauðárkr.	5000 *	
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Grjóteyri, Bf.		500
	<hr/>	<hr/>
Seiðasölur alls	62200	49900
Hafbeit í Kollafirði		95000
		<hr/>
		144900

*Stór seiði

LAXASEIDASÖLUR 1971

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Ártúnsá		1000
Laxá í Kjós.		10000
Brynjudalsá	1500	
Botnsá		400
Leirá		500
Andakílsá		3500
Flókadalsá		1300
Hítará		10000
Vatnsholtsá	10000	
Bakkaá-Gríshólsá	4000	
Kársstaðaá	1000	
Kverná		300
Svelgsá	2000	
Valshamarsá		400
Dunká		800
Höröudalsá		1500
Haukadalsá		1000
Glerá		1000
Hvammsá		500
Búðardalsá		500
Múlaá		2000
Fjarðarhornsa		2000
Skálmardalsá		1400
Suóurfossaá, Rauðarsandi		600
Ár í Tálknafirði		700
Ár í Önundarfirði		1000
Staðará- Vatnsdalsá		1000
Laugarbólsá, Ísafj.djúpi		2000
Víðidalsá	100	
Bakkaá	910	
Fossá á Skaga	4000	
Sæmundará	2000	
Hörgsá		2000

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Eyjafjarðará		2000
Fnjóská		4000
Skjálfljót (Rangá)		1000
Deildará		1000
Ormarsá		1000
Hölkna		1000
Hafralónsá		1000
Hofsá í Vopnafirði		1500
Selfljót		2000
Hellisfjarðará, Norf.,		1000
Hofsá í Álftafirði		1000
Laxá í Hornaf.		200
Rímhúsaáll		2000
Varmá í Ölfusi	<u>1200</u>	
	26710	<u>64100</u>
 <u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Keldur	50000	
Eldisstöðin Sauðárkr.		7000
 <u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Eldisstöðin Grjóteyri		1000
Botnsá í Súgandafirði		1000
Sveinhúsavatn		<u>200</u>
Seiðasölur alls	<u>76710</u>	<u>73300</u>
 <u>Hafbeit í Kollafirði</u>		
		<u>17500</u>
		90800

LAXASEIDASÖLUR 1972

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	<u>Þar af 2 ára</u>
Ártúnsá		1000	250
Laxá í Kjós		9000	2000
Botnsá		500	
Leirá		1000	
Andakílsá		2000	1000
Álftá á Mýrum	5000	1000	
Hítará	20000	5000	5000
Vatnsholtsá		2000	1000
Hólmkelsá		2000	
Kársstaðaá	1000		
Dunká		800	
Efri Haukadalsá		1000	
Glerá		1000	
Hvammsá		500	
Miðjanesá		100	100
Múlaá		2000	
Fjarðahornsa		2000	
Skálmardalsá		600	200
Vattardalsá		1560	60
Suðurfossá		800	
Norðurbotnsá		600	
Staðará - Vatnadalsá		1000	250
Skálavíkurá		500	
Laugabólsá		1500	350
Dalsá		1000	
Ósá		850	250
Víðidalsá		1950	750
Hrófá		1000	1000
Tjarnará		1000	
Fossá í Skefilstaðahr.	4000		
Laxá í Skefilst.hr.		2000	
Sæmundará		500	250
.....		2500	800
Fnjóská		6000	1500

LAXASEIÐASÖLUR 1972

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	<u>Þar af 2 ára</u>
Skjálfafljót	24000	1000	1000
Deildará		1000	
Ormarsá		1260	400
Hölkna		1800	
Hafralónsá		2100	
(Veiðival)		1000	
Selá		3000	
Hofsá		800	250
Selfljót		4000	
Hofsá í Álftafirði		1000	250
Laxá í Hornafirði		200	
Rimhúsaáll		8000	4000
Vatnasv. Baugsst.		1000	
	<u>54000</u>	<u>80420</u>	<u>20660</u>
<u>Fiskeldisstöðvar</u>			
Tungulax	30000		
Eldisst. Sauðark.	15000		
<u>Hafbeitarstöðvar</u>			
Botnsá	<u>3270</u>	<u>1000</u>	
Seiðasölur alls	102270	81420	
Hafbeit í Kollafirði		<u>14000</u>	
		<u>95420</u>	

LAXASEIÐASÖLUR 1973

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	
		1 árs	2 ára
Ártúnsá		1000	
Laxá í Kjós		2500	3000
Botnsá		400	
Laxá í Leirársveit		1400	
Andakílsá			2000
Hítará			5000
Vatnsholtsá			2000
Hólmkelsá		3000	
Bakkaá	2000		
St. Langadalsá		1500	
Karsstaðaá	1000		
Dunká		800	
Fáskrúó		2000	1000
Haukadalsá efri		1000	
Glerá		1000	
Laxá og Bæjará		6000	
Múlaá		1000	
Skálmardalsá		1500	
Vattardalsá		1200	
Fjarðarhornsa		2000	
Suðurfossá		600	
Staðará Vatnadalsá		1000	
Botnsá í Súgandaf.	2000		400
Steinhúsavatn		150	
Laugabólsá		1200	
Reykjafjarðará		600	
Víðidalsá		2500	
Hrófá			1000
Miófjarðará			2500
Vatnsdalsá			2500
Laxá í Skefilsst.hr.			1000
Flókadalsá			1500
Ólafsfjarðará		600	

LAXASEIDASÖLUR 1973

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	
		1 árs	2 ára
Fnjóská		6000	
Hölkna		2500	
Hafralónsá		2500	
Selá í Vopnafirði		3500	
Hofsá		1000	
Selfljót		4000	
Hofsá í Álftaf.		1000	
Rímhúsaáll		4000	4000
Rangárnar	10000	2800	3570
Kálfá	10000		
Þjórsá	2000		1000
Baugstaðaós			1000
Noregur		<u>20000</u>	
	<u>27000</u>	80250	<u>31470</u>
		111720	
<u>Fiskeldisstöðvar</u>			
Eldisst. Sauðárkr.		<u>16500</u>	
Seiðasölur alls	<u>27000</u>	128220	
Hafbeit í Kollafirði		<u>23300</u>	
		151520	

LAXASEIÐASÖLUR 1974

<u>Ár</u>	<u>Pokaseiði</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	
			1 árs	2 ára
Úlfarsá				1000
Ártúnsá				500
Laxá í Kjós			2000	2000
Botnsá				400
Andakílsá				2000
Langá og Urriðaaá	40000			
Hítará	50000			3000
Vatnsholtsá	100000		6300	2000
Glerá			1000	
Leirá			1400	
Grímsá og Tunguá				1000
Hólmavatn			500	100
Bakkaá og Gríshólsá				1000
Kársst. Álftaf.		1000	1000	
Efri Haukad.á			1000	
Krossá				1250
Kleifar, Gilsf.		1000	100	
Geiradalsá			1000	
Múlaá			600	
Skálmardalsá			700	400
Vattardalsá				750
"				300
Fjarðarhornsaá			1700	300
Suðurfossá				1300
Staðar- og Vatnadalsá				500
Langadalsá			2000	
Hvannadalsá		4000		
Reykjafjarðará				1000
Víðidalsá			2000	
Hrútafjarðará			500	
Miðfjarðará				3000
Vatnsdalsá		6000		1200
Laxá í Skefilsst.hr.				1000
Fossá í Skef.st.hr.	3000			
Sæmundará	3000			

LAXASEIÐASÖLUR 1974

<u>Ár</u>	<u>Pokaseiði</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	
			1 árs	2 ára
Deildará			1500	
Hölkna		2000	2000	
Hafralónsá			2000	
Hofsá, Vopnafirði			1000	
Rimhúsaáll	100000		1000	
Rangárnar			10000	
Þjórsá	10000			750
Fossá í Þjórsárdal	600000			
Sædýras. Hafnaf.			300	
	<u>906000</u>	<u>14000</u>	<u>39600</u>	<u>24750</u>
 <u>Fiskeldisstöðvar</u>				
Eldisst. Sauðárkr.			18000	
Tungulax	100000	50000		
 <u>Hafbeitarstöðvar</u>				
Botnsá Súgandafj.		1000		
Sveinhúsavatn			200	500
Seiðasölur alls	<u>1006000</u>	<u>65000</u>	<u>57800</u>	<u>25250</u>
			83050	
 Hafbeit í Kollafirði			<u>82600</u>	
			165650	

LAXASEIDASÖLUR 1975

<u>Ár</u>	<u>Pokaseiði</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	
			1 árs	2 ára
Laxá í Kjós			3000	500
Botnsá				300
Leirá			500	500
Andakílsá			1500	
Langá		25000		
Hítará			3000	
Vatnsholtsá			200	
Hólmkelsá			4000	
Bakkaá-Gríshólsá		3000	500	
Kársstaðir, Álftaf.		1000		
Valshamarsá (uggaklippt)			1500	
Gunnarsstaðaá				200
Glerá		4500		
Glerá		1000		
Krossá			1800	
Fagradalsá		2000		
Geirdalsá			1000	
Skálmardalsá		5000		
Vattardalsá		2000		
Suðurfossá		1000		
Staðará-Vatnadalsá			1000	
Langadalsá			4000	
Reykjafjarðará			500	
Víðidalsá	5000		1300	
Staðará		5000		
Krossá		3000		
Prestbakkaá			500	
Hrútafjarðará og Síká		1300	2000	500
Vatnsdalsá		15000		
Fossá í Skefilsst.hr.3000			150	
Laxá í Skefilsst.hr.		1000		
Húseyjarkvísl			4000	
Flókadalsá		5000	1500	

LAXASEIÐASÖLUR 1975

<u>Ár</u>	<u>Pokaseiði</u>	<u>Sumaralin seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>	
			1 árs	2 ára
Deildará			1500	
Hölkna		2500	1500	
Hafralónsá			2500	
Grimúlfsá		5000		
Ár á Norðurl. Veiðival		8000		
Hofsá í Vopnafirði			1000	
Dyrhólaós		1000		200
Rangárnar		7000	1000	
Þjórsá			744	
Baugstaðaós			1500	
Sædýrasafnið		500		
Ármenn v/Kálfár	<u>60000</u>	<u> </u>	<u> </u>	<u> </u>
	68000	98800	41694	2200
<u>Fiskeldisstöðvar</u>				
Tungulax h.f.	60000		4000	
Eldisst. Sauðárkr.			6000	
<u>Hafbeitarstöðvar</u>				
Botnía Súgandafj.		1600	500	
Sveinhúsavatn		5000	500	
Reykjafjörður			2000	
Seiðasölur alla	<u>128000</u>	<u>105400</u>	<u>54694</u>	<u>2200</u>
			56894	
Hafbeit í Kollaf.			<u>26400</u>	
			83294	

LAXASEIDASÖLUR 1976

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>	
		1 árs	2 ára
Úlfarsá		1000	
Ártúnsá		1000	
Laxá í Kjós.		2500	1500
Leirá		1000	
Andakílsá		1500	
Laxá Miklaholtshr.		1000	
Hítará		3000	
Hólmkelsá		2500	
Holtsá		1000	
Bakkaá-Gríshólsá		1000	
Valshamarsá	3000		
Skrauma		1500	
Efri-Haukadalsá		1000	
Krossá, Skarósströnd		2500	
Geirdalsá		1500	
Múlaá		500	
Skálmardalsá	4000		
Fjaróarhornsá	4000		
Suðurfossaá	1000		
Staðará-Vatnadalsá		1000	
Langadalsá í Ísafj.dj.		4000	
Víðidalsá		1200	
Prestbakkaá		450	
Hrútafjarðará og Síká	5000	2500	
Tjarnará		800	
Vatnsdalsá	12000		
Hofsá, Skagaströnd		500	500
Fossá	3000 (smás.)	150	
Sæmundará		1300	
Húseyjarkvísl		3000	
Hofsá, Skagaf.		2000	
Hafralónsá		2500	
Hölkna		1500	
Hofsá, Vopnaf.		1000	

LAXASEIDASÖLUR 1976

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>	
		1 árs	2 ára
Fossá		250	
Hvalsýki + Nýiós		1000	
Dverárvatn og Fossálar		1830	
Geirlandsá		2300	
Baugstaðaós		1000	
Markarfljót		500	
Rímhúsaáll	<u>1500</u>		
	33500	<u>51280</u>	<u>2000</u>
<u>Fiskeldisstöðvar</u>			
Tungulax h.f.	10370	1517	
<u>Hafbeitarstöðvar</u>			
Botnía, Súgandaf.		2000	500
Sveinhúsavatn	<u>5000</u>	<u>700 (10 cm)</u>	
Seiðasölvur alls	48870	55497	2500
Hafbeit í Kollafirði		57997	
		<u>47000</u>	
		104997	

LAXASEIÐASÖLUR 1977

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		2100
Leirvogsa		500
"		1500 (10 cm)
Ártúnsá		1000
Laxá í Kjós.		4500
Leirá í Melasveit		1000
Andakílsá		3000
Grímsá og Tunguá		3500
Flókadalsá		1000
Reykjadalsá		1500
Norðlingafljót	5000	
Gljúfurá	10000	2400
"		3000 (10 cm)
Urriðaa		1000
Langá		4800
Álftá		4000
Hítará		3000
Núpa	1000	500
Laxá í Miklah.hr.		1000
Stóra-Fura, Staðarsveit		500
Holtsá		1000
Hólmkelsá		2000
Valshamarsá		100
Bakkaá-Gríshólsá		3000
Skrauma		1000 (merkt)
Dunká	2035	300
Hörðudalsá		3500
Miðá		3000
Haukadalsá, efri		1000
Fáskrúó	1000	500
Glerá	1500	
Laxá í Hvammssveit		500
Hvammsá		500
Kjarlaksstaðaá (Flekkud.á)	5500	3000
Krossá, Skarósströnd		2500
Fagradalsá	2000	

LAXASEIÐASÖLUR 1977

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>
Hvolsá-Staðarhólsá		2500
" "		1500 (10 cm)
Fjarðarhornsa	4000	
Geirdalsá		1000
Skálmardalsá	2000	
Vattardalsá		600
Suðurfossa	1000	
Mikladalsá	2500	
Syðradalsvatn, Bolungavík	10000	
Langadalsá, N-Ísafj.s.		4000
Hvannadalsá		3000
Selá í Steingrímsfirði		2500
Staðará í "		1500
Víðidalsá (RR)	6000	
Krossá	3500	
Bakkaá		375
Hrútafjarðará og Síká	5000	2500
Vatnsdalsá	12000	
Hofsá, Skagaf.		1000
Fossá í Skagaf.	3000	300
Flókadalsá í Skagaf.	10000	2000
Hölkna		1500 (10 cm)
Hafralónsa		2500
Hofsá í Skagaströnd		1000
Selfljót-Gilsá		1000
Nýiós, V-Skaft.	5500	
Fossálar, V-Skaft.		1000
Geirlandsá, V-Skaft.		2000
Keldunúpur		300
Rimhúsaáll	1500	
Baulskurður í Holtum	50	
Baugsstaðaós, Árn.		1000
	<u>94085</u>	<u>92375</u>

LAXASEIÐASÖLUR 1977

	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>
	94085	92375
<u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Eldisstöðin á Sauðárkr.		7000 (10 cm)
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Botnía, Súgandafj.		2000
Sveinhúsavatn	2500	
Eiðisvatn á Langanesi	<u>5000</u>	
Seiðasölur alls	101585	<u>101375</u>
Hafbeit í Kollafirði		<u>30000</u>
		131375

LAXASEIDASÖLUR 1978

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		1850
Ártúnsá		1000
Laxá í Kjós		3000
Leirá		1000
Draghálsá	500	
Andakílsá	1600 (8 cm)	1600
Norðlingafljót	4000	
Gljúfurá	10000	
Álftá		4000
Hítará	3000	3000
Kaldá		500
Núpá		500
Laxá í Miklaholtshreppi		1000
Stóra-Fura, Staðasveit		500
Hólmkelsá	2000	7250
Holtsá		1000
Bakkaá og Gríshólsá		3000
Á í botni Álftafjarðar	1000	
Setbergsá	15000 (smás.)	
Valshamarsá		100
Gunnarstaðaá		500
Dúnká	2000	300
Skrauma		1000
Höröudalsá		3500
Miðá		3000
Efri-Haukadalsá		1000
Fáskrúð	5000	500
"	2000 (MS)	
Glerá	1500	
Hvammsá		500
Kjarlaksstaðaá	5500	2000
Krossá		2500
Búðardalsá	3000	500

LAXASEIDASÖLUR 1978

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Fagradalsá	2000	
Hvolsá og Staðarhólsá		2800
Geirdalsá		400
Múlaá	1500	
"	5000 (smás.)	
Fjarðarhornsa	3000	
Skálmardalsá	1000	1000
Vattardalsá		400
Fossá á Rauðasandi	600	
Mikladalsá		1000
Sellátraá, Dýrafirði		500
Syðradalsvatn, Bolungarvík	6000	1000
Laugardalsá		2000
Sveinhúsavatn	1500	50
Ísafjarðará		1000
Langadalsá		2000
Hvannadalsá	4000	
Staðará í Steingrímsfirði		1000
Hrófá	5000	
Krossá í Bitru	3500	
Prestbakkaá	1300	
Laxá í Hrútafirði	1700	
Hrútafjarðará og Síká	3000	1500
Tjarnará	100	
Gljúfurá		1000
Vatnsdalsá	12000	
Fossá í Skefilsstaðahreppi	3000 (smás.)	
Húseyjarkvísl		2500
Flókadalsá í Fljótum	5000	
Hölkna		2000
Hafralónsa		2500
Grimúlfsa	1200	
Hofsá í Vopnafirði		1000
Selfljót-Gilsá		1000
Fögruhlíðará	2000	500
Hvalsíki og Nýiós	5000	

LAXASEIDASÖLUR 1978

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>
Fossálar		1000
Geirlandsá		1000
Rímhúsaáll	1500	
Þjórsá	100000 (smás.)	
Kálfá	54000 " "	
Kálfá	25000 " "	
H. Magnússon	<u>100</u>	
	304100	<u>71750</u>

Fiskeldisstöðvar

Húsatóftir, Grindavík 30000 (1 árs)

Hafbeitarstöðvar

Naustin v/Eiðisvatn 60000 (smás.)

Djúplax h.f., Reykjaf.

5000

Seiðasölur alls

399100

71750

Hafbeit í Kollafirði

41800

113550

Seld 262000 småseiði

" 105500 sumaralin seiði

" 31600 árs gömul (10 cm)

399100

LAXASEIDASÖLUR 1979

<u>Ár</u>	<u>Sumaralin</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		1100
Bleikdalsá		1000
Laxá í Kjós	3000	3000
Bryngjudalsá	500 (8-9 cm)	
Laxá í Leirársveit		2000
Leirá	1000 (8-9 cm)	
Gljúfurá í Borgarfirði	7000	
Hítará		3000
Kaldá		200
Núpá		500
Kverná		1000
Gríshólsá og Bakkaá		3000
Valshamarsá		100
Dunká	2000	800
Skrauma		1000
Miðá	2500 (8-9 cm)	500
Haukadalsá		2000
Fáskrúð	10000	
Kjallaksstaðaá	5500	2000
Krossá		3000
Fagradalsá	700 (8-9 cm)	
Hvolsá- Staðarhólsá		2000
Geiradalsá	500 (8-9 cm)	1150
Fjarðarhornsa		1000
Vattardalsá		600
Suðurfossaá	500	
Mikladalsá		500
Eldi Tálknafirði	500 (8-9 cm)	
Ösa og vatnið. Bolungarvík	6000	1000
Laugardalsá	3000	
"	1775 (8 cm)	
Mjóifjörður		1000
Ísafjarðará		1000
Langadalsá		2000
Hvannadalsá	3000	
Selá í Strandasýslu		1800
Staðará		1000

LAXASEIDASÖLUR 1979

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Víðidalsá		1500
Krossá	3500	
Bakkaá í Bæjarhr.	450 (8-10 cm)	
Laxá "	580 (8-10 cm)	
Hrútafjarðará (FR)	10000	75
Tjarnará		500
Fossá í Skefisstaðahr. (FR)	1000	
" " "	3000 (smás.)	
Húseyjarkvísl		2500
Deildará í Skagafirði		1000
Hafralónsá		2500
Grímúlfssá	1200	
Hölkna		2000
Selfljót		2500
Fossálar		1260
Geirlandsá		1000
Rímhúsaáll	2000	
Lækur í Rangárvallas.	50 (8-9 cm)	
	<u>69255</u>	<u>51085</u>
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Botnía	1000 (8-9 cm)	
Djúplax, Reykjafirði		500
Hafbeitartilraunir		<u>10557</u>
	Seiðasölur alls 70225	62142
Hafbeit í Kollafirði		<u>40000</u>
		<u>102142</u>
Seld smáseiði	3000	
" sumaralin	57700	
" 8-10 cm seiði	<u>9555</u>	
	70255	

LAXASEIÐASÖLUR 1980

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		1100
Ártúnsá		1000
Leirá	1000 (9 cm)	
Andakílsá		2000
Gljúfurá		1000
Álftá		1000
Hítará		1000
Kverná		200
Gríshólsá og Bakkaá		3000
Valshamarsá		100
Dunká	2000 (smás.)	800
"	451 (8 cm)	
Skrauma		1000
Mióa		2000
Haukadalsá, efri		2000
Hvolsá-Staðarhólsá		2000
Geirdalsá		500
FM Patró		200
Suðurfossaá		600
MÖ Vesturbotni		200
AS Patró		200
Ögurvíkurá		300
Laugardalsá	2000 (9 cm)	500
Langadalsá		2000
Selá í Steingrímsfirði		1700
Staðará í "		800
Víðidalsá "		1500
Selá í Hrótafirði		200
Bakkaá "	471 (8 cm)	
Hrótafjarðará	10000 (sumars.)	200
Fossá í Skagafirði	650 (sumars.)	
Húseyjarkvísl		1000
Grafará í Skagaf.		1000
Unadalsá "		500
Hafralónsá í N-Þing.		2500
Grímúlfhá "	1000 (9 cm)	

LAXASEIDASÖLUR 1980

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Hölkna		2000
Fögruhlíðará N-Múlas.		1000
Fossálar í V-Skaft.		1120
Geirlandsá "		1200
Baugstaðaós, Árness.		1000
Ölfusá-Hvítá, Veiðif. Árn.	25000 (Sumars.)	
" " " "	<u>4300 (9,5cm)</u>	<u>2400</u>
	46872	40820
<u>Fiskeldisstöðvar</u>		
Sædýrasafnið í Hf.	1000 (sumars.)	
"	1200 (6-10 cm)	
Ösaboðnastöðin	4000 (1 árs)	
Húsatóftir, Grindavík	7000 (1 árs)	
Fossá í Skafaf. (FR)	5000 (sumars.)	5052
Kvíaelði, Vestmannaeyjum		500
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Lárós		8000
Botnía Súgandaf.	1000 (9 cm)	7076
Naustin, Eiðisvatn	5000 (smás.)	3000
Berufjarðará (FR)		5063
Svansvíkurvötn	<u>500 (8 cm)</u>	<u>500</u>
Seiðasölur alls	71572	70011
Hafbeit í Kollafirði		<u>40400</u>
		110411
Seld smáseiði	7000	
" sumaralin	41650	
" 7-10 cm	<u>22922</u>	
	71572	

LAXASEIDASÖLUR 1981

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		1100
Brynjudalsá	3000	
Botnsá	1500	
Leirá	3000	
Álftá		1000
Hítará	40000	
Hamraós	850	
Hólmkelsá	8000	
Dunká		771
Hörðudalsá		3000
Haukadalsá		4000
Fáskrúó	2100	2000
Fagradalsá	2000	
Lækur hjá Fagradal	100	
Hvolsá-Staðarhólsá		700
Geiradalsá		1600
Vattardalsá (FM)		400
Botnía (Sv.G)	2000	
Laugardalsá	3000 (8 cm)	
Ögurvíkurá		500
Djúplax h.f.	3000	1000
Langadalsá		2000
Lágadalsá		300
Unadalsá i Djúpi	2300	100
Miðdalsá i Strandas.		500
Krossá í Bitru	3500	
Bakkaá í Hrútafirði	1800	
Hrútafjarðará	10000	
Tjarnará á Vatnsesi	270	
Fossá í Skagafirði	4000	
"	3000 (smás.)	
Deildará í N-Þing		1000
Fögruhlíðará, N-Múlas.		1000

LAXASEIÐASÖLUR 1981

Ár	<u>Smærri seiði</u>	Gönguseiði
Geirlandsá í V-Skaft.	1500	1600
Þjórsá-Landsvirkjun	50000	
Ölfusá-Hvítársv. (VÁ)		<u>3326</u>
	<u>144920</u>	25897

Hafbeitarstöðvar

Lárós (FR)		6370
Botnía, Súgandafj.		6000
Fossá í Skagaf. (FR)		3000
Berufjörður (FR)		5000
Eiðisvatn (Naustin)	<u>10000</u>	
Seiðasölur alls	154920	<u>46267</u>

Hafbeit í Kollafirði		<u>40000</u>
		86267

Seld smáseiði	3000
" sumarseiði	148920
" 8-10 cm	<u>3000</u>
	154920

Lifandi laxar seldir til klaks

Pólarlax	100 hrygnur og 30 hængar
Fiskeldi h.f.	50 " " 15 "

LAXASEIDASÖLUR 1982

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Brynjudalsá		2000
Laxá í Leirársveit		2000
Núpá	2500	500
Fagradalsá	1000 (7-8 cm)	
Hvolsá-Staðarhólsá		750
Ögurvíkurá		500
Unadalsá	1000	
Miódalsá, Strandasýsla		500
Fossá á Skaga	3000 (smás.)	
Geirlandsá		1500
Djórsá	2000 (7-8 cm)	
Ölfusá-Hvítá		4000
Veiðif. Flóamanna	<u>100</u>	<u>1000</u>
	9600	12750
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Vogar		20000
Lárós		8000
Botn í Súgandafirði	2000	7000
Djúplax, Reykjarf.		6000
Fossá á Skaga	<u>1800</u> (10-12 cm)	<u>5000</u>
Seiðasölur alls	13400	58750
Hafbeit í Kollafirði		<u>64000</u>
		122750

LAXASEIDASÖLUR 1983

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		1100
Bleikdalsá		2100
Leirá	1500	
Hítará	18000 (sumars.)	
Núpsá	2000	500
Hólmkelsá	8000 (sumars.)	
Haukadalsá	6000	
Fagradalsá		3000
Skoravíkurá, Dalas.	4200 (sumars.)	
Þorskafjarðará		1000
Ögurvíkurá	100 (sumars.)	500
Ísafjarðará	2000	
Miðdalsá, Strandas.		500
Hallá		1000
Unadalsá	1000 (sumars.)	
Vopnafjarðarárnar		3000
Geirlandsá		1400
Rangárnar	15000	
Baugsstaðaá		1000
Ölfusá-Hvítá		2400
	<u>57800</u>	<u>17500</u>
<u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Lárós		6000
Botnsá, Súgandafirði		5000
Djúplax		4000
Fossá á Skaga	4000	1000
Fljótalax	43000	
Vogalax		<u>21000</u>
Seiðasölur alls	<u>104800</u>	<u>54500</u>
Hafbeit í Kollafirði		<u>64000</u>
		<u>118500</u>

LAXASEIDASÖLUR 1984

<u>Ár</u>	<u>Smærri seiði</u>	<u>Gönguseiði</u>
Úlfarsá		1100
Leirá	1500	
Langá		2000 M *
Hítará	20000	
Núpsá	2000	500
Haukadalsá efri	10000	
Hólmkelsá	4000	
Skoravíkurá, Dalasýslu	2000	
Guðm., Drangnesi	1000 (10 cm)	1000
Fossá á Skaga	3000	
Vopnafjörðarárnar		5000 M
Eldvatn (V.F.)		800
Landsvirkjun	25000	
Baugstaðaá (Vf.Flóam.)		1500
Veiðifélag Árneseinga		3000
	<hr/>	<hr/>
	68500	14900
 <u>Hafbeitarstöðvar</u>		
Lárós		19850
Botnsá, Súgandafirði		3500
" "		2500 M
Icelax		10000
Reykjafjörður		2500 M
Íslax, Nauteyri		2500 M
Ásgr. Pálsson, Stokkseyri		2500
Vogar		21000
	<hr/>	<hr/>
Seiðasödlur alls	68500	79250
 Hafbeit í Kollafirði		
		<hr/>
		66000
		<hr/>
		145250

*M - Örmerkt

Tafla 2

GÖNGUSEIDASLEPPINGAR OG ENDURHEIMTUR
AF LAXI Í LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS
Í KOLLAFIRÐI

<u>Ár</u>	<u>Sleppt</u>	<u>Ár</u>	<u>Endurheimt</u>	<u>%</u>
1963	300	1964	4	1,3
1964	1000	1965	57	5,7
1965	12250	1966	704	5,7
1966	11500	1967	610	5,3
1967	11300	1968	203	1,8
1968	16000	1969	263	1,6
1969	125700	1970	4187	3,3
1970	95000	1971	516	0,5
1971	17500	1972	681	3,9
1972	14000	1973	1956	14,0
1973	23300	1974	3065	13,2
1974	82600	1975	6920	8,4
1975	26400	1976	2094	7,9
1976	47000	1977	1574	3,3
1977	30000	1978	1000	3,3
1978	41800	1979	1500	3,6
1979	40000	1980	2580	6,5
1980	40400	1981	3140	7,8
1981	40000	1982	2400	6,0
1982	64000	1983	5300	8,3
1983	64000	1984	2100	3,3
1984	66000	1985	4200	6,4
1985	180000	1986	14000	7,8
1986	0	1987	1649*	0,9
1987	220000	1988	21200**	9,6
1988	214000	1989		
1989	300000			

* Eingöngu tveggja ára laxar úr sjó.

** Eingöngu eins árs laxar úr sjó.

Tafla 3

SEIDASÖLUR OG HAFBEITARSLÉPPINGAR

Í KOLLAFIRÐI 1964 - 1989

Ár	Pokaseiði	Sumaralín seiði	7-10 cm seiði	Gönguseiði		
				Seld	Sleppt	Samtals
1963					300	300
1964		92300			1000	1000
1965		98360			12250	12250
1966		61400			11500	11500
1967		47200		28280	11300	39580
1968		40700		49770	16000	65770
1969		65800		24150	125700	149850
1970		62200		49900	95000	144900
1971		76710		73300	17500	90800
1972		102270		81420	14000	95420
1973		27000		128220	23300	151520
1974	1006000	65000		83050	82600	165650
1975	128000	105400		56894	26400	83294
1976		48870		57997	47000	104997
1977		101585		101375	30000	131375
1978	262000	105500	31600	71750	41800	113550
1979	3000	57700	9555	62142	40000	102142
1980	7000	41650	22922	70011	40400	110411
1981	3000	148920	3000	46267	40000	86267
1982		13400		58750	64000	122750
1983		104800		54500	64000	118500
1984		68500		79250	<u>66000</u>	<u>145250</u>
					870050	2047576
1985					180000	180000
1986					0	0
1987					220000	220000
1988					214000	214000
1989					300000	300000
	<u>1409000</u>	<u>1535265</u>	<u>67077</u>	<u>1177028</u>	<u>1784050</u>	<u>2961076</u>